

## Skólanefnd

19. nóvember 2024

Mætt: ESR, JJ fundarritari, ET fjármálastjóri, Daníel Scheving formaður nefndar, Ingvar Viktorsson, Sunna Magnúsdóttir, Snædís Ögn Flosadóttir, Hafdís Inga Helgudóttir Hinriksdóttir, fulltrúi kennara MES, fulltrúi NFF AEH.

Dagskrá fundar:

### Það helsta í skólastarfinu

ESR segir frá námsskrárvinnu, námsframboði, heimsóknnum nemenda og heimsóknnum í skólann. Segir frá nýju alþjóðasviði og flugfræðum sem er áætlað að fari í kennslu H25. AEH, oddviti, segir frá félagslífi nemenda; Morfís, Gettu betur, lýðræðisviku, Skuggakosningum, leikfélagsmálum o.fl. Sunna minnir á menningarstyrk Hafnarfjarðarbæjar varðandi leiksýningu og leigu á sal Bæjarbíós.

### Fjármál skólans

ESR fer yfir stöðu fjármála og fer ásamt fjármálastjóra yfir yfirlit um afkomu. Gögn sett inn á sameiginlegt svæði svo nefndarmenn geti kynnt sér betur.

### 3ja ára áætlun stofnana

ESR fer yfir áætlun stofnunar sem nú var unnin í Akra kerfi. Hún nefnir að það sé áhugavert að fá mælitæki í hendurnar sem mælir árangur markmiða og vonast til þess að fá þá viðbrögð frá ráðuneyti sem komu aldrei með eldra fyrirkomulagi.

### Fræðslusjóður Jóns Þórarinssonar

ESR fer yfir helstu atriði varðandi sjóðinn og fundir varðandi úthlutun eru tímasettir. Ákveðið að auglýsa í næstu viku og hafa opið fyrir umsóknir þar til rétt áður en vinnufundur er settur á.

### Önnur mál

Spurt um verkfallsmál kennara – Fátt um svör önnur en þau að stjórnendur vonist til þess að hreyfing komist á samningaviðræður.

Fleira ekki gert og fundi slitið.